

Starfsáætlun foreldraráðs leikskólans Álfasteins í Hörgársveit 2024-2025

Samkvæmt ákvæðum [11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008](#) skal skipa foreldraráð við alla leikskóla.

- Foreldraráðið skal skipað þremur foreldrum að lágmarki.
- Kosning til foreldraráðs skal fara fram í september á hverju ári og skal kosið til eins árs í senn.
- Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans.
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfi.
- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

[Handbók foreldraráða](#)

Í foreldraráði 2024-2025 sitja:

- Lilja Dögg Guðnadóttir innramatsteymi. liljad@gmail.com
- Jónas Davíð Jónasson innramatsteymi. jonas3189@hotmail.com
- Eva Hilmarsdóttir tengiliður við fræðslunefnd. evahilmarsd@gmail.com

Dæmi um fundaáætlun og efnistöð

Dagsetning og tími	Dagskrá:
5. nóv 2024	<input type="checkbox"/> Aðalfundur og kosningar <input type="checkbox"/> Skipta með sér verkum (formaður og fundargerðir) <input type="checkbox"/> Fara yfir hlutverk foreldraráðs sjá bls. 5 í handbókinni <input type="checkbox"/> Skipa fulltrúa á fundi skólanefndar <input type="checkbox"/> Gera og samþykkja starfsáætlun foreldraráðs, skoða starfshætti sjá bls. 7 í handbókinni . <input type="checkbox"/> Fara yfir starfsáætlun skólans-umsögn
18. nóv 2024	<input type="checkbox"/> Skólanámskrá og tengdar áætlanir (í skólanámskrá er fjallað um atriði er varða innra starf leikskóla s.s. skipulag náms og kennslu, reglur, öryggismál, dagvistartíma, mat á gæðum leikskólastarfsins, endurmenntun kennara, viðburði í

	<p>leikskólanum, og annað sem varðar starfsemi leikskólans. Aðrar áætlanir eru t.d. fjárhagsáætlanir, viðhaldsáætlanir, framkvæmdaáætlanir v/leikskóla, íþróttahúss, sundlaugar og skólalóðar, tengsl tónlistarskóla og grunnskóla og fleira sem varðar framkvæmd skólahaldsins).</p> <p><input type="checkbox"/> Ábendingar (ef einhverjar og þegar slíkt kemur þá er það tekið upp á næsta fundi ef það dugur, ef það getur ekki beðið þarf að koma því á framfæri og jafnvel kalla til auka fundar) frá foreldrum og öðrum forsjáraðilum um starfsemi leikskólans og aðbúnað barnanna</p> <p><input type="checkbox"/> Önnur mál</p>
14. jan. 2025	<p><input type="checkbox"/> Framvinda skólastarfsins almennt um hvernig gengur að fylgja starfsáætlun og því sem lagt var upp með í skólastarfinu</p> <p><input type="checkbox"/> Hver er staðan á umbótaáætlun og innra mati</p> <p><input type="checkbox"/> Rýmingaræfingar og annað tengt öryggisáætlunum</p> <p><input type="checkbox"/> Kynning á Blæ nýju námsefni</p>
12. mar. 2025	<p><input type="checkbox"/> Skóladagatal</p> <p><input type="checkbox"/> Niðurstöður kannana</p> <p><input type="checkbox"/> Framvinda skólastarfsins almennt</p> <p><input type="checkbox"/></p>
☞ Date maí 2025	<p><input type="checkbox"/> Umsögn um mat á starfsáætlun skólans</p> <p><input type="checkbox"/> Skýrsla innra mats og umbótaáætlun kynnt</p> <p><input type="checkbox"/> Næsta skólaár, horfur, fjöldi barna og mönnun</p> <p><input type="checkbox"/></p>

Dæmi - setja það sem á við eða hlekk á þær

Starfsreglur foreldraráðs leikskólans

1. Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn (sbr. 11 grein laga um starfsemi leikskóla).
2. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldursstigum, þannig að minnsta kosti einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.
3. Foreldraráð kemur saman til fundar eftir þörfum yfir skólaárið. Formaður undirbýr fund og boðar til þeirra með dagskrá.
4. Í upphafi hvers skólaárs óskar leikskólastjóri eftir nýjum framboðum. Skal það gert á foreldrafundi.
5. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og bæjaryfirvöld.
6. Á fundi foreldraráðs við lok starfstímabilsins gerir formaður þess nýjum foreldraráðs meðlimum grein fyrir starfi ráðsins.
7. Helstu verkefni sbr. 11 grein laga um leikskóla:
 - a. Ráðið skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá, skóladagatal og áætlun vetrarins með leikskólastjóra.
 - b. Bera skal skóladagatal saman við skóladagatöl grunnskólanna m.t.t skörunar við starfsdaga og aðra frídaga.
 - c. Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum, sumarlokun leikskólans og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.
8. Leikskólastjóri skal upplýsa foreldraráð um öll meiriháttar mál sem hafa áhrif á starfsemi leikskólans og gefa þeim þannig kost á að fjalla um þau.
9. Fulltrúar í foreldraráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeim er trúað fyrir út af setu þeirra í foreldraráði og varða fjölskylduaðstæður einstakra barna, hegðun þeirra og heilsufar eða önnur viðkvæm atriði sem eðlilegt er að fari leynt.
10. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í lok hvers skólaárs. Til stuðnings sem og nánari útfærslu starfsreglna þessara er vísað í 11. grein [laga um leikskóla](#).

Ýmsar hagnýtar upplýsingar má kynna sér um hlutverk foreldraráðs og foreldrafélags hér í þessari handbók:

[https://cdn.prod.website-files.com/60e71b181988600ec97c52e5/61ae1607f7d348ec33f41cf3_HS_Handb%C3%B3k_leikskola%20\(1\).pdf](https://cdn.prod.website-files.com/60e71b181988600ec97c52e5/61ae1607f7d348ec33f41cf3_HS_Handb%C3%B3k_leikskola%20(1).pdf)

<p>Hlutverk foreldraráðs</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjallar um og gefur umsögn til leikskólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir³ sem varða skólahaldið • Fylgist með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum • Kemur á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og skólanefndar • Starfar með skólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans 	<p>Hlutverk foreldrafélags</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vera samstarfsvettvangur foreldra • Stuðla að góðum skólaanda m.a. með því að vinna að öflugu félagslífi í leikskólanum • Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans • Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi leikskólastarfið til skólastjórnenda og foreldraráðs
<p>Verkefni foreldraráðs</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fulltrúi situr skólanefndarfundi og kemur þar sjónarmiðum foreldra á framfæri auk þess að leggja fram tillögur ef við á • Fulltrúi situr fundi með foreldrafélögum og skólastjórnendum um skólastarfið og áætlanir því tengdu • Fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir skólans og útbúa umsagnir um þær • Taka þátt í ýmsum verkefnum á vegum skólanefndar sem fulltrúar foreldra • Taka þátt í samstarfi foreldraráða og –félaga um sameiginlega hagsmuni nemenda á svæðinu • Taka þátt í landssamtökum foreldra 	<p>Verkefni foreldrafélaga</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skipuleggja viðburði í samstarfi við leikskólann • Styðja og hvetja deildarfulltrúa til að efla deildaranda og foreldrasamstarf á hverri deild • Koma á umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál • Veita leikskólanum lið í að bæta aðstæður til leiks og náms • Sitja fundi með foreldraráði og skólastjórnendum um skólastarfið • Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra á sínu svæði • Taka þátt í landssamtökum foreldra